

Ath! Þessi útgáfa upplýsingabréfsins er ætluð þeim skólum sem kjósa að afla skriflegs samþykkis frá foreldrum við fyrirlögn á nemendakönnun Skólapúlsins í 1. – 5. bekk (Sjá nánar hér að neðan):

Kæra foreldri/forsjáraðili,

skólinn notar kannanir Skólapúlsins til að fylgjast með og bæta innra starf skólans. Liður í því er að spyrja nemendur í 2. – 5. bekk 14 spurninga sem meta ánægju af lestri, vellíðan í skólanum og ánægju með skólann og matinn. Dæmi um spurningu um ánægju af lestri er: „Hvað finnst þér um að lesa í skólanum“, dæmi um spurningu um vellíðan í skólanum, er: „Þegar ég er í skólanum er ég hamingjusamur / hamingjusöm“ og dæmi um spurningu um ánægju með skólann er „Þegar ég er í skólanum finnst mér margt vera spennandi“.



Nemendur svara spurningalistanum nafnlaust með hjálp talgervils á netinu í skólanum með því að merkja við myndir sem eru lýsandi fyrir viðkomandi svarmöguleika (sjá mynd). Allir nemendur svara könnuninni í apríl og tekur um 10 mínútur að svara henni. Niðurstöður eru eingöngu birtar skólum í formi meðaltala og hlutfalla fyrir hópa. Engum persónuupplýsingum er safnað í Skólapúlsinum og því ekki hægt að sjá hver svaraði hverju.

Nánari upplýsingar um könnunina eru á www.skolapulsinn.is/um. Einnig er hægt að hringja í starfsfólk Skólapúlsins í síma 583-0700 eða senda tölvupóst á skolapulsinn@skolapulsinn.is til að fá nánari lýsingu á spurningum könnunarinnar.

Ég samþykki að barn mitt taki þátt í könnuninni Skólapúlsinn sem lýst er hér að ofan

Skóli: _____

Nafn barns: _____

Undirskrift foreldris/forsjáraðila: _____